



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu
Hlíðasmári 1
201 Kópavogur

Reykjavík, 29. september 2025
MSS25090102

Umsögn um rekstrarleyfi - Pizza107, Hagamelur 67, fnr. 202-6310.

Borist hefur umsagnarbeiðni embættis Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um eftirfarandi umsókn um rekstrarleyfi á grundvelli 1. tölul. 4. mgr. 10. gr. laga nr.85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald:

Pizza107, Hagamelur 67, fnr. 202-6310.

Umsækjandi: Pizza107 ehf., kt. 530223-1080.

Veitingastaðurinn er í umsókn skilgreindur í flokki II skv. 4. gr. laga nr. 85/2007 (umfangslítill áfengisveitingastaður). Tegund: veitingastofa og greiðasala. Um er að ræða nýtt leyfi. Veitingatími áfengis frá kl. 11.30 til kl. 22.00 alla daga. Gestafjöldi 25.

Umsögn:

Skrifstofa borgarstjórnar: Umsagnar skipulagsfulltrúa var leitað og í umsögn segir: Húsið á lóð nr. 67 við Hagamel er verslunarhúsnæði byggt árið 1972 skv. fasteignaskrá. Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á veitingu rekstrarleyfis í flokki II – C veitingastofa og greiðasala í húsinu að Hagamel 67, fnr. 2026310, með afgreiðslutíma áfengis frá kl. 11:30 – 22:00 alla daga. Gestfjöldi er að hámarki 25 gestir. Í aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 segir í kafla 6.8 um borgarhlutakjarna (M11-M16, M26, M31): Fjölbreytt verslun, m.a. sérvöruslun og þjónusta og starfsemi sem þjónar heilum borgarhluta. Verslun og þjónusta, skrifstofur, stofnanir, afþreying og íbúðir, einkum á efri hæðum bygginga. Matvöruverslanir Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 III. Landnotkun og önnur ákvæði um 98 uppbyggingu og þróun byggðar heimilar. Veitingastaðir í flokki I og II eru heimilir og veitingastaðir í flokki III geta verið heimilir, þó með takmörkuðum opnunartíma til kl. 1 um helgar og 23 á virkum dögum. Gististaðir í flokki I–III eru heimilir og eftir atvikum gististaðir í flokki IV, sjá töflu 19.3. Skv. málsmæðferðarreglum borgarráðs vegna veitingastaða og gististaða er afgreiðslutími áfengisveitinga heimilaður á þeim tíma sem sótt er um. Niðurstaða: Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við veitingu rekstrarleyfis fyrir veitingastaðinn Pizza107, sem er til húsa að Hagamel 67, fnr. 2026310, með afgreiðslutíma áfengisveitinga frá kl. 11:30 til kl. 22:00 alla daga.

Byggingarfulltrúi: Neikvæð umsögn byggingarfulltrúa er varðar rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, Veitingastofa og greiðasala – Pizza107, Fnr. F2026310, rýmisnr. 01 0101, kt. 530223-1080, Hagamelur 67, 107, Reykjavík. Samkvæmt gögnum embættis byggingarfulltrúa voru breytingar á húsnæðinu samþykktar hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkur 19. ágúst 2025 (USK25030197) en lokaúttekt hefur ekki verið gefin út.

Því er staðfest að umsóknin er ekki innan þeirra marka sem reglur og skipulag Reykjavíkurborgar segja til um, sbr. 1. tl. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007. Umsögnin er því neikvæð með vísan til umsagnar byggingarfulltrúa.

Umsögn þessi er veitt í umboði borgarráðs skv. heimild í viðauka 2.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019.

Viktória J. Laxdal

Viktória Júlía Laxdal
e.u.



Reykjavík



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu
Hlíðasmári 1
201 Kópavogur

Reykjavík, 26. september 2025
MSS25090028

Umsögn um tækifærisleyfi til áfengisveitinga - Árshátíð, Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhús, Tryggvagata 17, 27. september 2025.

Borist hefur umsagnarbeiðni embættis Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um eftirfarandi umsókn um tækifærisleyfi til áfengisveitinga á grundvelli 17. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Árshátíð, Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhús, Tryggvagata 17, 27. september 2025.

Umsækjandi: Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609.

Sótt er um tækifærisleyfi til áfengisveitinga þann 27. september 2025 frá kl. 18.30 til kl. 01.00 í tilefni árshátíðar sem haldin verður í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, Tryggvagötu 17. Gestafjöldi er 600.

Umsögn:

Skrifstofa borgarstjórnar: Óskað var eftir afstöðu skipulagsfulltrúa og í umsögn segir: Óskað er eftir því að fá tækifærisleyfi til áfengisveitinga þann 27. september 2025 frá kl. 18:30 til kl. 01:00 aðfaranótt sunnudagsins 28. september 2025. Tryggvagata 17 er staðsett á skilgreindu miðborgarsvæði M1a, miðborgarkjarni á svæði með almennar heimildir til áfengisveitinga. Um svæði M1a í aðalskipulagi segir: Í miðborgarkjarnanum má finna lykilstofnanir stjórnsýslu, menningar og mennta, líflegustu verslunargötur landsins og litríka flóru veitingastaða auk fjölbreyttrar sérfræðipjónustu. Sérstök áhersla er á smásöluverslun auk veitingastarfsemi og afþreyingu sem og þjónustu lykilstofnana stjórnsýslu, menningar og mennta. Á jarðhæðum eru verslunar-, veitinga- og menningar-, félags- og þjónustustarfsemi opin almenningi í forgangi, en á efri hæðum skrifstofu- og íbúðarhúsnæði auk gistipjónustu sbr. þó sérákvæði um hana hér að neðan. Til þess að efla smásöluverslun staðbundið í miðborgarkjarnanum og stuðla að fjölbreyttri starfsemi og lifandi almenningssýmum eru ákvæði um útlit og starfsemi við götuhliðar í miðborgarkjarna. Almennar veitingaheimildir miðsvæða gilda í miðborgarkjarna en á afmörkuðu svæði eru rýmri veitingaheimildir Um svæði með almennar heimildir til áfengisveitinga segir: Almennar miðborgarheimildir – lengst opið til 3.00 um helgar/frídaga. Á svæði með almennar miðborgarheimildir má heimila allar tegundir veitingastaða í flokki I– III að skemmtistöðum undanskildum. Í rekstrarleyfi veitingastaða má heimila útveitingar, þó aldrei lengur en til kl. 23.00. Þar sem að umsókn samræmist skipulagi eru ekki gerðar skipulagslegar athugasemdir við veitingu tækifærisleyfis þann frá 27. september 2025 frá kl 18:30 til kl. 01:00 þann 28. september 2025. Niðurstaða: Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við veitingu tækifærisleyfis í Listasafni Reykjavíkur að Tryggvagötu 17, þann 27. september 2025 frá kl. 18:30 til kl. 01:00 þann 28. september 2025. Samræmist aðalskipulagi.

Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins: Slökkviliðið fellst á að ofangreint leyfi verði veitt enda eru eldvarnir í viðunandi lagi miðað við 500 manns. Umsögn slökkviliðs: Viðburðarteikningar fyrir Tryggvagötu 17 gera ráð fyrir: 210 manns í sitjandi borðhaldi. 500 manns í standandi viðburði. Forsendur teikninganna skulu virtar og ábyrgðaraðilar sjá til þess að borð séu fjarlægð þegar skipt er úr borðhaldi í standandi viðburð. Þá skal tryggð fullnægjandi fjöldastjórnun í samræmi við heimildir teikninga. Í lagi.



Reykjavík



Byggingarfulltrúi: Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að gefið verði út tækifærisleyfi og tímabundið áfengisleyfi fyrir 600 manns í tilefni af árshátíð, sem haldin verður þann 27. september 2025 frá kl. 18:30 til kl. 01:00 aðfaranótt 28. september 2025 í Listasafni Reykjavíkur, að Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík, með fyrirvara um að jákvæðar umsagnir berist frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og Heilbrigðiseftirlitinu. Hvað varðar opnunartíma er vísað til skrifstofu borgarstjórna – byggingarfulltrúi gefur ekki umsögn um opnunartíma.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur: Það staðfestist hér með að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) veitir jákvæða umsögn vegna umsóknar Reykjavíkurborgar/Listasafn Reykjavíkur (kt: 530269-7609) dags. 4. september 2025 um tækifærisleyfi og tímabundið áfengisveitingaleyfi í tilefni af árshátíð Pragma, félags verkfræðinema, 27. september 2025 frá kl. 18:30-01:00 28. september 2025 sem haldin verður í Listasafni Reykjavíkur að Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík, með eftirfarandi skilyrðum: Að ákvæði reglugerðar nr. 904/2025 um hollustuhætti og mengunarvarnir og ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða sé virt. Að starfsfólk hafi gott aðgengi að sér búnings- og salernisaðstöðu. Að ákvæði tóbaksvarnarlagar nr. 6/2002 og reglugerðar nr. 326/2007 sé virt. Að matvæli komi frá fyrirtæki sem er með starfsleyfi þar um. Ekki er tekin afstaða til gestafjöldar þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð og varðandi það mál vísar HER á Byggingarfulltrúann í Reykjavík.

Því er staðfest að umsóknin er innan þeirra marka sem reglur og skipulag Reykjavíkurborgar segja til um, sbr. 1. tl. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007. Umsögnin er því jákvæð. Umsögnin takmarkast við gestafjöldann 500 með vísan til umsagnar slökkviliðs. Umsögn þessi er veitt í umboði borgarráðs skv. heimild í viðauka 2.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019.

Viktoría J. Laxdal

Viktoría Júlía Laxdal
e.u.



Reykjavík